

## HAFNARREGLUGERÐ

90

26. marz

### fyrir Djúpavogskauptún.

#### I. KAFLI

##### Takmörk hafnarinnar.

###### 1. gr.

Djúpavogshöfn tekur yfir Djúpavog sunnan línu, sem hugsast dregin úr Mönnutanga að austan í Gleiðuvíkurtanga að vestan.

#### II. KAFLI

##### Um stjórn hafnarinnar.

###### 2. gr.

Að nýafstöðnum hverjum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Búlandshrepps kjósa þrjá menn í hafnarnefnd og jafnmarga til vara. Er kjörtímabil hafnarnefndar til jafnlangs tíma og hreppsnefndar þeirrar, er hana kýs. Í fyrsta sinn skal hreppsnefnd Búlandshrepps kjósa hafnarnefnd, er hafnarmannvirki því er lokið, sem nú er unnið að. Þangað til skal hreppsnefnd Búlandshrepps fara með öll þau mál, er undir hafnarnefnd heyra. Hafnarnefnd sér um að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt. Hún sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin verða með reglugerð þessari, gegn kaupí, sem um semur. Þá skal hafnarnefnd sjá um viðhald og endurbætur lendingarbóta og hafnarmannvirkja, stjórna öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast fjárhald lendingarbótasjóðs og reikningshald fyrir hönd hreppsnefndar.

#### III. KAFLI

##### Um almennar reglur.

###### 3. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu á höfninni við hana og í landi hennar. Öllum er skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust og enn fremur þeirra starfsmanna, sem hún setur fyrir sig.

###### 4. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er slysum getur valdið. Ekki má skjóta innan hafnarsvæðisins, nema með leyfi hafnarnefndar.

###### 5. gr.

Fiskúrgangi né öðru, sem orðið getur til að fylla upp, má hvergi kasta í vögninn innan hafnartakmarka.

Innan hafnartakmarka má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta eða auka við þau, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og gildir leyfið aðeins til eins árs sé það látið ónotað.

#### IV. KAFLI

##### Um notkun hafnarinnar.

###### 6. gr.

Heimilt skal bátum og skipum að leggjast að bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma að, en skylt er þeim að fara frá bryggju, er þau hafa lokið erindi

90 sínu, ef aðrir þurfa að komast að, eða þau eru þar að öðru leyti til trafala að þarf-  
26. marz lausu, og gildir sama um upp- og útskipun á vörum.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Skip eða bátar mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða aðrar festar, að það tálmi umferð.

## V. KAFLI

### Um lendingarbótasjóð.

#### 7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði bryggjuerðar og hafnarmannvirkis, viðhaldi og rekstrarkostnaði, skal stofna lendingarbótasjóð.

Í lendingarbótasjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar verða með reglugerð þessari. Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið. Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok næsta marzmánaðar, skal hafnarnefnd semja reikning yfir tekjur og gjöld lendingarbótasjóðs á hinu liðna ári og enn fremur reikning yfir eignir hans og skuldir í árslok. Reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningurinn.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal lendingarbótanefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Búlandshrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld lendingarbótasjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðar fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

#### 8. gr.

Tekjur lendingarbótasjóðs:

Hafnargjald:

1. Hvert aðkomuskip greiði í hvert skipti, er það fermir eða affermir, kr. 0.30 af hverri nettósmálest.
2. Allir heimilisfastir bátar á Djúpavogi og aðkomubátar, er þar kunna að hafa viðlegu um lengri eða skemmri tíma, greiði af hverri nettósmálest kr. 10.00.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip, sem leita hafna vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverja vöru. Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka eða látna.

Innlend strandferðaskip skulu einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn á ári hverju, sem þau koma í höfnina, en ekkert þó þau komi oftár á því ári.

Vörugjald:

1. Af salti, kolum, sementi, áburði, síldarmjöli og fiskimjöli skal greiða fyrir hver 100 kg eða minna kr. 0.30.
2. Af hráolíu, steinolíu og benzíni fyrir heiltunnu kr. 0.75.
3. Af hráolíu, steinolíu og benzíni fyrir háltunnu kr. 0.40.
4. Af tómunum tunnum uppsettum og óuppsettum fyrir hverja kr. 0.15.
5. Af trjáviði og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, fyrir hvert rúmfet kr. 0.07.
6. Af bifreiðum kr. 15.00.
7. Af bátum kr. 10.00.
8. Af lifandi stórgripum kr. 7.00.
9. Af sauðfé lifandi kr. 0.50.

10. Af kjöttunnum, heilum, fyrir hverja kr. 0.75.
  11. Af kjöttunnum,  $\frac{1}{2}$ , fyrir hverja kr. 0.40.
  12. Af kjöttunnum,  $\frac{1}{4}$ , fyrir hverja kr. 0.20.
  13. Af kindaskrokkum, fyrir hvern kr. 0.15.
  14. Af ull, fyrir hvern balla kr. 0.75.
  15. Af gærum, fyrir hvert búnt kr. 0.07.
  16. Af heyi, fyrir hver 100 kg kr. 0.50.
  17. Af saltsild, fyrir hverja tunnu kr. 0.30.
  18. Af fiski, nýjum og ísuðum, hver 100 kg kr. 0.10.
  19. Af frystum fiski, hver 100 kg kr. 0.15.
  20. Af hverju hverju tonni slægðs afla kr. 2.00.
  21. Af saltfiski, óverkuðum, hver 100 kg kr. 0.20.
  22. Af saltfiski verkuðum, hver 100 kg kr. 0.30.
  23. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum, hver 100 kg kr. 0.50.
- Þar sem miðað er við 100 kg greiðist sama gjald fyrir allan þunga undir 100 kg.

## 9. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

Vistir og aðrar nauðsynjar til báta og skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.

Vörur, sem fluttar eru úr landi og á bátum til viðskiptamanna á verzlunar-svæðinu.

Póstflutningur og farangur ferðamanna, allt að 25 kg.

Vörur, sem fluttar eru úr herskipi og í herskip.

Umbúðir, sem eru endursendar, enda skal þess getið á farmskrá.

## 10. gr.

Bryggjugjald:

Hvert það skip, sem leggst að bryggju, greiði bryggjugjald, sem hér segir:

Öll skip og bátar, 1 smálest og þar yfir, greiða 20 aura af hverri nettó-smálest. Bátar undir 1 smálest án hreyfils, heimilisfastir á hafnar-svæðinu, séu gjaldfrjálsir. Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim. Skip eða bátur, sem athafnar sig utan á öðru skipi, er við bryggju liggur, greiði hálf þáð gjald, er hér er getið.

## 11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skips. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal reikna af. Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem gjaldskrá til tekur og reiknast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

## 12. gr.

Vörugjaldið greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður, og ber formaður báts ábyrgð á greiðslunni. Lendingarbótasjóður hefur haldsrétt á vörunni, þar til gjaldið er greitt. Ef skip eða bátur hafa ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

90 Vörugjald af vörum, sem lagðar eru í land, fellur í gjalddaga strax og varan  
26. marz er komin í land, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr landi, fellur í gjalddaga,  
þegar varan er komin í skip.

## 13. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## 14. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki og áhöld lendingarsjóðs,  
eru skyldir til að greiða að fullu kostnað við að lagfæra það.

## 15. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 5 auru gjald fyrir hvert  
stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24  
klukkustundir eða brot úr þeim.

Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönn-  
um um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður eftir samkomulagi.

## 16. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á lendingarbótunum, mannvirkjum eða  
áhöldum, fer eftir almennum lagafyrirmælum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á lend-  
ingarbótunum, mannvirkjum hennar eða áhöldum, má ákveða það af þremur óvil-  
höllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfir-  
mats, og gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var  
lokið. Yfirmat skal framkvæma af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostna-  
aðinn greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt  
meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti  
greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 50—10000 kr., nema þyngri  
refsing liggí við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renni í lendingarbóta-  
sjóð Djúpavogs.

## 18. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Búlandshrepps hefur samið og samþykkt,  
staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lend-  
ingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem  
hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. marz 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*